



Sveitarfélagið Strandabyggð auglýsir eftirfarandi störf laus til umsóknar

Staða deildarstjóra við leikskólann Lækjarbrekku laus til umsóknar



Leikskólinn Lækjarbrekka auglýsir eftir leikskólakennara í starf deildarstjóra. Starfshlutfallið er 100% og er vinnutíminn 8:00-16:00.

Við leikskólann er unnið metnaðarfullt starf þar sem barnið er í brennidepli. Leitað er eftir öflugum starfsmanni sem hefur gaman af börnum, býr yfir góðri samskiptahæfni og hefur ríka þjónustulund. Einnig er skipulagshæfni og jákvæðni mikilvægur kostur.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 3. ágúst 2015.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf til að starfa sem leikskólakennari.
- Góð samskiptahæfni.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

Nánari starfslýsingar er hægt að nálgast á skrifstofu leikskólastjóra eða í síma 451 3411. Einnig er hægt að senda tölvupóst á leikskólastjóra í netfangið: leikskolastjori@strandabyggd.is

Umsækjendur eru beðnir um að skila inn umsóknum til leikskólastjóra eða á skrifstofu sveitarfélagsins að Höfðagötu 3.

Umsóknarfrestur er til 30. maí 2015. Þeir sem eiga eldri umsóknir um störf á leikskólanum Lækjarbrekku eru beðnir um að endurnýja umsóknir sínar. Leikskólastjóri áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum standist þær ekki kröfur.



Grunnskólinn á Hólmavík Lausar stöður kennara og stuðningsfulltrúa við Grunnskólann á Hólmavík skólaárið 2015-2016

- Staða íþróttakennara. Um er að ræða kennslu og þjálfun í samstarfi skólans og íþróttahreyfingarinnar á svæðinu.
- Tvær stöður tónlistarkennara. Meðal kennslugreina er píanó, blásturshljóðfæri, gítar, bassagítar, og söngur. Einnig kennsla í forskólahópi.
- Tvær stöður grunnskólakennara. Meðal kennslugreina er íslenska, enska, danska, stærðfræði, náttúrugreinar og umsjón með bekkjardeildum.
- Þrjár stöður stuðningsfulltrúa. Meðal þess sem felst í starfinu er vinna með nemendum í nánu samstarfi við umsjónarkennara og sérkennsluteymi.

Umsækjendur um kennarastarf þurfa að hafa kennsluréttindi. Leitað er eftir einstaklingum með góða skipulagshæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af teymisvinnu, samkennslu og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvægir eiginleikar. Umsækjendur skulu hafa hreint sakavottorð. Laun eru samkvæmt kjarasamningum LN og KÍ en samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði vegna stöðu stuðningsfulltrúa.

Umsóknarfrestur er til 30. maí 2015.

Nánari upplýsingar veitir

Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir, skólastjóri, sími 451 3430 og 696 3196

Umsóknum með starfsferilsskrá og afrit prófskírteina þar sem við á ásamt upplýsingum um meðmælendur sendist Hrafnhildi Guðbjörnsdóttur á skolastjori@strandabyggd.is eða Grunnskólinn á Hólmavík, Skólabraut 20-22, 510 Hólmavík

Grunnskólinn á Hólmavík er samrekinn grunn- og tónskóli með um 60 nemendum í 1. – 10. bekk þar sem lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám og samvinnu. Skólinn er Grænfánaskóli og er áhersla lögð á umhverfismennt og útinám. Hefð er fyrir leiklist og tónlist í skólastarfinu og samvinnu við samfélagið. Við skólann starfar 20 manna samhentur hópur. Félagsmiðstöð ungmenna hefur aðstöðu í skólanum.

Í Strandabyggð búa tæplega 480 manns þar af 340 manns í þéttbýliskjarnanum Hólmavík. Á staðnum er öll almenn þjónusta, góður leikskóli og glæsileg íþróttamiðstöð ásamt sundlaug með aðstöðu fyrir alla aldurshópa. Fjölbreyttir útivistarmöguleikar eru til staðar og náttúrufrægur mikil. Hólmavík er í einungis 233 km fjarlægð frá Reykjavík sem er um 3 tíma akstur.